

# THE SNORRI PROGRAM



Reykjavík 6. október 2016

## Erindi: Stuðningur við Snorraverkefnið 2017

Með þessu bréfi óska ég undirrituð eftir stuðningi við framkvæmd Snorraverkefnisins á árinu 2017 en aðkoma sveitarfélaga hefur frá upphafi þess árið 1999 skipt sköpum fyrir verkefnið bæði fjárhags- og framkvæmdalega. Yfir 40 sveitarfélög hafa tekið þátt og hafa þátttakendur undantekningalaust hlotið góðar móttökur.

Sumarið 2017 mun nítjándi hópur ungmenna af íslenskum ættum á aldrinum 18 – 28 ára koma hingað til lands frá Kanada og Bandaríkjunum til að kynnst rötum sínum. Markmið þess er að styrkja tengsl afkomenda Íslendinga í Norður-Ameríku við Ísland og hvetja unga Vestur-Íslendinga til að varðveita og rækta íslenskan menningar- og þjóðararf sinn. Verkefnið er samstarfsverkefni Þjóðræknisfélags Íslendinga og Norræna félagsins og stendur yfir í 6 vikur, eða frá 11. júní – 20. júlí 2017 og skiptist í þrjá hluta:

- I. Tveggja vikna menningar- og námsdagskrá í Reykjavík samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Einnig er boðið upp á léttu kvöld- og helgardagskrá.
- II. Dvöl í þrjár vikur í heimabyggð forfedra/-mæðra. Starfskynning hjá fyrirtæki eða sveitarfélagi á svæðinu í allt að þrjár vikur. Hér er lögð áhersla á að þátttakendur fái að taka virkan þátt í íslensku samfélagi og fjölskyldulífi, þannig kynnist þeir landi og þjóð á dýpri hátt.
- III. Vikulöng landkynningarferð um merkisstaði í náttúru Íslands þar sem gíst er í svefnpokaplássu vítt og breytt um landið. Í lokin kynna þátttakendur lokaverkefni sín í útskriftarathöfn.

Lögð er áhersla á að ungmennin dvelji hjá ættingjum á landsbyggðinni og óskum við eftir því að sveitarfélagið styðji framkvæmd Snorraverkefnisins 2017 með því að:

- leggja verkefninu lið með *kr. 100.000.-* framlagi;
- styrkja verkefnið um *kr. 100.000.-* og taka einn þátttakanda í starfsþjálfun yfir þriggja vikna tímabil sem hefst mánudaginn 26. júní 2017; *eða*
- styrkja verkefnið með smærra fjárframlagi, með eða án starfsþjálfun;
- styrkja landkynningarferð verkefnisins og/eða bjóða upp á e-ð á svæðinu

Þátttakendur þurfa ekki atvinnuleyfi, enda er um starfsþjálfun að ræða og greiðir Snorraverkefnið fyrir ferðir til og frá svæðinu, vasapening og tryggingar.

Þátttaka ungmenna í Snorraverkefninu hefur reynst árangursrík leið til að færa verðmætan menningararf til nýrrar kynslóðar og eru margir orðnir virkir í sínu Íslendingafélagi í Vesturheimi. Þessi arfur er hluti af sögu okkar og menningu sem okkur ber skylda til að varðveita. Auk þess er Snorraverkefnið gífurleg landkynning og snertir líf tuga fólks á ári hverju og iðulega heimsækja ættingjar ungmennanna það svæði sem dvalið var á síðar.

Það er von mín að þið getið tekið þátt í þessu jákvæða verkefni með okkur. Ef óskað er frekari upplýsinga um þessa starfsemi verða þær góðfúslega veittar.

Með hlýrri vetrarkveðju. - F.h. stjórnar Snorrastjóðs,

Ásta Sól Kristjánsdóttir  
verkefnastjóri

Óðinsgötu 7 • 101 Reykjavík  
sími 551 0165 • fax 562 8296 • gsm 895 5055  
info@snorri.is • www.snorri.is

# THE SNORRI PROGRAM



## Snorrahópurinn 2016

Sextán ungmenni á aldrinum 19-28 ára tóku þátt að þessu sinni. Kynjaskipting var nokkuð jöfn eða 7 strákar og 9 stelpur. Fjögur þeirra eru frá Bandaríkjunum og tólf frá Kanada. Fjórtán þeirra eru afkomendur Vestur-Íslendinga en tveir eiga ömmu eða afa sem hafði flust vestur um haf eftir að vesturferðum lauk.



Hér eru 2016 Snorra-hópurinn á Hrafnseyri við Arnarfjörð

Fimm af sextán þátttakendum dvöldu á bóndabæ hluta eða allan þann tíma sem þriggja vikna fjölskyldu- og starfskynningartímabil stóð yfir en þeir staðir sem þátttakendur dvöldu á voru: Akureyri, Borgarfjörður/Borgarnes, Hvolsvöllur, Reyðarfjörður, Egilsstaðir, Geysir, Stykkishólmur, Selfoss, Varmahlíð, Dalvík og Reykjavík. Samtals dvöldu ungmennin 16 hjá 19 fjölskyldum á 12 stöðum og kynntust daglegu lífi og starfi. Allir þátttakendur sögðu að dvölin hefði haft mikil áhrif á þau, gefið þeim nýja vídd og aukið þroska þeirra.

Í ár ferðaðist hópurinn um Borgarfjörðinn, Húnavatnssýslur, Skagafjörð, Vestfirði og Snæfellsnes. Auk þess var farið í dagsferð um Suðurlandið.